

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, öðlast gildi frá og með 1. desember 1979.

Fjármálaráðuneytið, 15. nóvember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Árni Kolbeinsson.

9. nóvember 1979.

Nr. 451.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Í stað 4. og 5. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar komi svohljóðandi málsgreinar:

Um lán úr fasteignalánaflokkum er taldir voru í 2. gr. B skal eftirfarandi gilda varðandi lánsfjárhæðir og lánstíma.

- a) Lán til byggingarframkvæmda, þar með taldar fullnægjandi hráefnisgeymslur, svo og aðgerðir til bættra hollustuhátta þar á meðal mengunarvarna og aðbúnaðar verkafólks. Lásupphæð má hæst vera 60% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 10—15 ár.
- b) Lán til frystivéla- og frystitækjakaupa og til kaupa á vélum til fiskmjölsvinnslu. Lánsfjárhæð má hæst vera 60% af mats eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 7—10 ár.
- c) Lán til kaupa á fiskvinnsluvélum, til hagræðingar vinnslurása, þar með taldar breytingar á húsnæði, án þess að um stækkun sé að ræða, eftirlitskerfi, stýribúnaði og öðrum búnaði, svo og aðgerðir til orkusparnaðar. Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 5 ár. Fáí lántaki erlent lán vegna kaupanna skal lán sjóðsins vera viðbótarlán allt að 75% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr., enda sé ekki um eignarfyrirvara á vélum eða tækjum að ræða.

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreinar skal lán úr fasteignalánaflokkum er taldir voru í 2. gr. B aldrei nema hærri fjárhæð en 60% af heildarmatsverði eignanna miðað við 1. veðrétt og minnka sem nemur áður áhvilandi lánnum ef 1. veðréttur fæst ekki.

Vextir af lánnum úr öllum fasteignalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. B (þ. e. a. s. Fasteignalán II, liður nr. 1—4) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á tvisvar á ári, og verða gjalddagar þeirra, svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 9. nóvember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.